



Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

Aðfnr. 2227, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A almennum borgarafundi; sem
bodað var til af Bládamannafélag-
inu og haldinn var laugardaginn
27. jún. og sóttar af nál. 500 manns,
var semþykkt svohljóðandi fundar-
álystun:

1. Fundurinn vill að allir fullveldja menn
hafi kosningarrétt í bæjarvalinu, jafnvel
karlar sem konu, þeir sem eru þjá-
sins ráðandi, hafa ófleydd man-
orð og þigga eðri af svöð, ein þren-
ur giftar konur, þó þeir sjá eðri
þjá síns ráðandi, ef þeir hafa öms-
ur kosningarréttaréttindi.
2. Fundurinn vill að tvískipting Kjö-
luda sjá numin úr lögun og hafi
allir jafnan kosningarrétt.
3. Fundurinn vill að Kjötuðabilid sjá
3 ár og sjá þridjungur þegarfulltrúis
Kosinn á hverju ári.
4. Fundurinn skorar á bæjarstjórn.

af vinnu at því, að þessar bryg-
ingar verði leiddar í lög.

Þessa fundargerð leyfum við
okkur að senda þinni háttvistu þej-
arstjórn Reykjavíkur.

Reykjavík 29. apríl 1907

Olafur Olafsson
(Fundarstjóri)

Þorbj. Gíslason
(Fundarritari).

Ad flokkun sí á kjösendum til bæjarstjórnar
Reykjavíkur, sem ræðir um í lögum 2. Oktbr.
1895 nr. 20, falli burtu, þannig að allir
kjösendur hafi jafnan rétt.

Ad með lögum sji ákæðid, að taka kjörinna
bæjarfulltrúa skali vera 15, og sju þeir kosni
tu bæra í sém, en fjóringur þeirra
fari frá annaðhvort ár.

(Ad rímskædur sji kosningarréttur og
kjörungis).

Mefnd. Jón Magnússon
Fr. Jónsson
Fr. Gunnarsson

4/2

A' fundi Framfarafélagsins var samþykkt
svölástandi tillaga í sínu hljóði: —

" Fundurinn skorar á bæjarstjórn Reykjavíkur,
að undertúa til næsta alþingis, þá breyting á
Tilskipun um bæjarstjórn Reykjavíkur að allir
bæjarbúar kjóvi í einu lagi, og greiðarmunur
sje gjörður á hverri og lagri gjaldendum.

Í öðru lagi, að kjörtímminn sje styttr
þannig: að $\frac{1}{3}$ bæjarstjórnarmenn sje kosinn
á hverju ári til þriggja ára "

Skýr sem formanni félagsins var falið að
senda bæjarstjórninni þessa fundarsamþykkt
með ósk um, að þetta mál sje verið tekið á
dagskrá sem fyrst. —

Með mikilli virðing

Rek. 4 Febr. 1907

Frýggvi Gunnarsson

Til

formanna Bæjarstjórnar Reykjavíkur

[Faint, illegible handwriting, likely bleed-through from the reverse side of the page.]

[Faint, illegible handwriting, likely bleed-through from the reverse side of the page.]

[Faint, illegible handwriting, likely bleed-through from the reverse side of the page.]

Frumvarp til samnings

um

stofnun og starfrækslu gas- og rafmagnsstöðva í Reykjavík.

Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar og þeir Thor Jensen kaupmaður og Eggert Claessen yfirtarmálaflutningsmaður fyrir sína hönd og fjelaga sinna, er sótt hafa um einkaleyfi til þess að stofna og starfrækja gas- og rafmagnsstöðvar í Reykjavík, gjöra með sjer svofeldan samning.

A. Gas- og rafmagnsstöðvarnar.

1. gr.

Reykjavíkurkaupstaður veitir hjer með fjelagi því, sem þeir Thor Jensen kaupmaður og Eggert Claessen yfirtarmálaflutningsmaður, báðir í Reykjavík, hafa umboð fyrir, einkarjett um 25 ára tímabil, til þess að láta í tje gas og rafmagn á svæðum þeim, sem á hverjum tíma sem er, heyra undir bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, sbr. þó 5. gr. Þessi 25 ár teljast frá þeim degi, þá er eitt ár er liðið frá því að stjórnarráð Íslands hefur staðfest samning þenna.

2. gr.

Reykjavíkurkaupstaður veitir einkaleyfishafa ókeypis notkunarrjett um einkaleyfistimann á 14,000 — fjórtán þúsund — ferálna stórri lóð á Melunum fyrir sunnan kirkjugarðinn, rjett fyrir vestan framhald Suðurgötu og skal lóð þessi vera að minsta kosti 100 álnir frá norðri til suðurs meðfram framhaldi Suðurgötu og að minsta kosti 80 álnir frá austri til vesturs meðfram kirkjugarðinum og norðurtakmörk lóðarinnar skulu eigi vera lengra frá kirkjugarðinum en 30 álnir. Lóð þessa getur leyfishafi notað til að byggja á henni gas- eða rafmagnsstöð og fyrir allar aðrar byggingar, tilfæringar og starfsemi er, standa í sambandi við slíkar stöðvar.

Þegar einkaleyfistiminn er á enda helst notkunarrjetturinn áfram óuppsægjanlegur af hendi kaupstaðarins, fyrir þann eða þá, sem á hverjum tíma sem er, eru eigendur bygginga þeirra, tilfæringa o. s. frv. sem eru á lóðinni og

hann fellur eigi burt þó byggingarnar brenni eða eyðileggist á annan hátt, en eigendur bygginganna skulu frá nefndu tímamarki greiða kaupstaðnum 5 — fimm — ára af hverri ferlin í leigu á ári og skal leigan greidd 31. desbr. ár hvert.

Byggingarnefnd Reykjavíkur skal útvisa lóðina á venjulegan hátt og leyfishafi skal á sinn kostnað girða hana með tilhlýðilegri girðingu og halda girðingunni við.

Ef kaupstaðurinn vill selja lóðina, hefur leyfishafi og síðari eigendur bygginganna forkaupsrjett að henni.

3. gr.

Leyfishafi hefur heimild til þess að grafa niður gaspípur og rafleiðslukaðla í götur og óbyggð svæði kaupstaðarins, strengja um þær rafmagnsloftþræði og reisa þar stólpa fyrir þá, svo og að gjöra að nefndum gaspípum, rafleiðsluköðlum, stólpum og leiðslupráðum á þeim. Áður en farið er að grafa niður í nokkra götu eða svæði til þessa, skal tilkynna það þeim starfsmanni kaupstaðarins, sem það mál snertir.

Nú er þess krafist að gas eða rafmagn verði leitt á einhvern þann stað, sem leyfishafi er skyldur til samkvæmt 5. gr. að láta það í tje, og er eigi mögulegt án óhæfilegs kostnaðar að koma þangað leiðslum þeim, er við þurfa, á annan hátt en þann, að grafa niður gaspípur eða rafleiðslukaðla, eða setja stólpa með tilheyrandi leiðslupráðum á eignum einstakra manna, og skal bæjarstjórnin þá — ef hún krefst þess að leyfishafi láti gas eða rafmagn í tje á slíkum stað — útvega leyfishafa, honum að kostnaðarlausu, næga heimild til þess að nota og hafa aðgang að slíkum eignum, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, til að koma leiðslutækjum fyrir og gjöra að þeim þegar á þarf að halda.

Ef hepta þarf umferð um götur til þess að koma leiðslutækjum fyrir, skal tilkynna það lögreglustjóra.

4. gr.

Veganefnd kaupstaðarins hefur eptirlit með því að leyfishafi komi götum í sama lag og þær voru í áður en pípur eða rafleiðslukaðlar voru grafnir niður í þær.

Leyfishafi er skyldur til þess að flytja til gaspípur og rafmagnsleiðslur þegar það er nauðsynlegt vegna lagningar skolp- og vatnspípna kaupstaðarins, en kostnaðinn við flutninginn greiðir bærinn. Ef með þarf um skemmri eða lengri tíma að setja stoðir undir eða skorður við gaspípur og rafleiðslukaðla vegna lagninga skolp- eða vatnspípna, skal kaupstaðurinn greiða kostnað þann, sem það hefur í för með sjer.

Þá er verk þau á götum og vegum, sem bærinn lætur vinna, snerta gaspípur eða rafmagnsleiðslur, svo og þegar leyfishafi lætur gjöra eitthvað er snertir vatns- eða skolppípur bæjarins, þá skal starfsmaður bæjarins, sá, sem það mál varðar og umboðsmaður leyfishafa jafnan áður en byrjað er á slíku verki eiga fund með sjer um það hvernig verkinu verði haganlegast fyrir komið.

Í lögreglusamþykkt Reykjavíkur skulu sett ákvæði, er friða gaspípur, rafmagnsleiðslur og stólpa leyfishafa á sama hátt og almennings eignir.

5. gr.

Kaupstaðurinn getur krafist þess, að gaspípur og rafmagnsleiðslur verði lagðar í götur bæjarins eins og sýnt er með bláum strikum á uppdrætti þeim, er festur er við samning þenna.

Í framhald gatna þeirra, sem leiðslur skal leggja í samkvæmt ofangreindu, svo og í aðrar götur getur kaupstaðurinn krafist að lagðar verði rafmagnsleiðslur 3—þrjá— metra frá yzta stað á leiðslunetinu fyrir hvern 16 hefnersljósarafmagnslampa, sem pantaður verður í hús, sem ekki hefur áður samband við rafmagnsstöðina. Leyfishafi er þó eigi skyldur til þess að láta í tje rafmagn í meira en 1300 metra fjarlægð frá rafmagnsstöðinni.

Nú synjar leyfishafi um rafmagn neyzluþurfa, er fjær býr en 1300 metra frá rafmagnsstöðinni, en uppfyllir að öðru leyti framangreint fjarlægðarskilyrði, og á hann þá rjett á að fá sjer rafmagn annarstaðar. Sama rjett hafa þá og þeir, er fjær húa, og eru þannig settir, að yzti staður á leiðslunetinu (sbr. hjer að framan) yrði nær þeim, ef umræddur neyzluþurfi fengi rafmagnsleiðslu til sin, svo framarlega sem leyfishafi synjar þeim einnig um rafmagn.

Að því er gaspípur snertir má krefjast þess, að þær verði lagðar þegar byggð hafa verið 6—sex—hús á 100—eitt hundrað— metra löngu svæði frá gaspípum þeim, er áður hafa verið lagðar, og þess er beiðst að fá gas í öll þessi hús.

Um kostnaðinn við að leggja leiðslurnar (bæði fyrir gas og rafmagn) skulu þessi ákvæði sett.

Aðalleiðslur skal leyfishafi leggja á sinn kostnað.

Leiðsluálmur, þ. e. leiðslurnar frá aðalleiðslunum að gas- eða rafmagnsmælunum eða að ljósfærum, hitunarfærum o. s. frv., ef mælir er eigi notaður, og *húsaleiðslur*, þ. e. leiðslurnar frá mælunum um húsinn og til lampa, suðugagna o. s. frv., skulu lagðar á kostnað hlutaðeigandi notenda.

Nú er pantað gas eða rafmagn hjá leyfishafa eða umboðsmanni hans í síðasta lagi innan tveggja mánaða áður en stöðvar taka til starfa, og skal leyfishafi þá leggja leiðsluálmurnar alt inn að húsunum hlutaðeigandi notanda að kostnaðarlausu; þó skal leggja allar leiðsluálmur til götuljósa á kostnað bæjarsjóðs.

Eigi mega aðrir en leyfishafi setja leiðsluálmur í samband við aðalleiðslurnar, nema löggiltir innlagningarverndarmenn, sbr. 6. gr., og þá undir umsjón leyfishafa eða umboðsmanns hans. Heimta má leyfishafi sanngjarna borgun fyrir umsjón þessa, og hefur nefnd sú, er ræðir um í 6. gr., úrskurðarvald um upphæð borgunarinnar, ef ágreiningur ris út af henni.

Heimilt er leyfishafa að gera samning við neyzluþurfa um, gegn nægri tryggingu, að leggja hjá þeim leiðsluálmur og húsaleiðslur þannig, að allan kostnað þann sem það hefur í för með sjer, skuli neyzluþurfi ávaxta og endurborga á 10 árum.

6. gr.

Einkaleyfishafi er skyldur til þess að framkvæma alla lagning á gas-

og rafmagnsleiðslum. Eigi mega aðrir leggja leiðsluálmur og húsaleiðslur en leyfishafi og innlagningamenn, sem til þess öðlast löggilding nefndar, er skipuð skal þrem mönnum, sem sje bæjarverkfræðingnum í Reykjavík, manni er leyfishafi kýs og verkfræðilega mentuðum oddamanni, sem stjórnarráð Íslands útnefnir. Til þess að veita megi löggilding, verður hlutaðeigandi að sanna fyrir uefndinni, að hann bæði hvað bóklega þekking og verklega æfing snertir fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru eða sett verða við próf bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn fyrir innlagningamenn (Installatöreksamen). Nefndin prófar innlagningamenn á þann hátt, sem hún sjálf nánar ákveður og allur kostnaður við prófið skal greiddur af þeim, sem óskar, að ganga undir það.

Við innlagning má einungis nota efni, sem fullnægir kröfum þeim, er »Köbenhavns Belysningsvæsen« gjörir á hverjum tíma sem er, að því er Kaupmannahöfn snertir.

Nú leysir löggiltur innlagningamaður einhverja innlagning þannig af hendi, að ótækt er að dómi tjeðrar nefndar, annað hvort að því er snertir verkið sjálft eða efni það, sem notað hefur verið, og getur nefndin þá tekið af honum rjettinn til innlagningar, annað hvort um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt.

Leyfishafi hefur heimild til þess, að láta hafa eptirlit með öllum innlagningum, og ef leyfishafi álitur einhverja innlagning ótæka, annað hvort vegna þess, að efnið sje af svo ljelegri gjörð eða vegna þess, að verkinu sje svo ábótavant, getur hann neitað, að láta í tje rafmagn eða gas þangað til bætt er úr göllunum.

Um ágreining, er risa kann viðvikjandi því, hvort aðfinnslur leyfishafa sjeu rjettmætar, hefur ofangreind nefnd úrskurðarvald.

B. Um götuljós og verð á gasi og rafmagni.

7. gr.

Rafmagnsleiðslustólpa leyfishafa má nota endurgjaldslaust fyrir leiðslur, lampa og áhöld til götulýsingar, en þó skal leyfishafi og hlutaðeigandi starfsmaður bæjarins hafa samið um þetta með sjer áður.

Fyrir rafmagn til götulýsingar skal greiða 3,5 aura fyrir hvern hektowattíma til bogalampa og 4 aura fyrir hvern hektowattíma til annara lampa.

8. gr.

Fyrir allt rafmagn annað, bæði til hins opinbera og einstakra manna, getur leyfishafi tekið 4 aura fyrir hvern hektowattíma til ljósa og 2,5 aura fyrir hvern hektowattíma til mótorá, en þó skal verð þetta lækkað fyrir hvern einstakan mánuð, niður í 2 aura fyrir hvern hektowattíma, ef mótör er látinn ganga með öllum þunga 200 klukkustundir eða þar yfir um mánuðinn.

9. gr.

Einkaleyfishafi skuldbindur sig til þess, að láta rafmagn í tje til lampa með 110 — eitthundrað og tíu — volta spenningsi. Leyfishafi er ekki skyldur til þess, að láta rafmagn í tje til mótorá með öðrum spenningsi en 220 volt.

10. gr.

Fyrir hvern rafmagnsmæli skal greiða 6 — sex — kr. í leigu á ári.

11. gr.

Fyrir allt gas til hitunar og suðu getur leyfishafi tekið 4—fjórar—krónur fyrir hver 1000—eitt þúsund— ensk teningsfet. Leyfishafi er ekki skyldur til þess, að láta í tje gas til annara ljósa en götuljósa bæjarins og gas má eigi án samþykkis leyfishafa nota til annara ljósa.

Verð á gasi til götuljósa bæjarins skal vera 5—fimm— krónur fyrir hver 1000—eitt þúsund ensk teningsfet. Bæjarstjórninni ber að tilkynna leyfishafa innan 1. okt. þ. á. hverjar götur skuli fyrst um sinn lýstar með gasi og hverjar með rafmagni.

Leyfishafi ræður sjálfur verði á gasi til mótorá.

12. gr.

Fyrir hvern gasmæli skal greiða 3—þrjár— krónur í leigu á ári.

13. gr.

Gasið skal vera vel hreinsað, laust við andrúmslopt, ammoniak og brennisteinsvatnsefni.

14. gr.

Það skal tekið fram, að leyfishafi ber eigi ábyrgð á því, þótt rekstur stöðvanna hætti eða trúfalist sakir styrjaldar, stjórnarbyltingar, verkfalla, vinnuteppu (Lockout) eða náttúruviðburða, svo sem jarðskjálpta, stórfloða, sprenginga, eldsvoða o. s. frv.

C. Hlutdeild bæjarins í reksturságóðanum.

15. gr.

Bærinn skal fá í sinn hlut 10% af hinum árlega reksturságóða og telst reksturságóðinn hreinar tekjur samkvæmt ársreikningi yfir reksturinn þá er frá allri upphæð árságóðans hafa verið dregnir 5% vextir af allri stofnunar-kostnaðarupphæðinni svo og þær upphæðir, sem lagðar verða til endurnýjunar og varasjóðs, en þessar síðastnefndu upphæðir mega þó ekki fara fram úr 5%

af stofnunarkostnaðarupphæðinni. Bæjarstjórnin hefur heimild til að kynna sjer reikninga og bókfærslu leyfishafa yfir reksturinn, þó i fyrsta lagi 4 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs.

D. Rjettur kaupstaðarins til að taka að sjer stöðvarnar á sinn kostnað.

16. gr.

Ef kaupstaðurinn skyldi, — þegar 5 — fimm — ár eru liðin frá því er stöðvarnar tóku til starfa — æskja þess, að taka að sjer stöðvarnar til þess að reka þær á sinn kostnað og hafi hann að minnsta kosti einu ári áður tilkynnt einkaleyfishafa þetta, þá skal hann eiga rjett á að fá sjer afsalaða til eignar i einu lagi alla gas- og rafmagnsstofnunina með tilheyrandi byggingum, útbúnaði, öllu múr- og nagl-föstu og alla innanstokksmuni, alt efni og áhöld, er útveguð hafa verið til reksturs stöðvanna, svo sem vjelar, flutningsáhöld, leiðslur með því, er þeim tilheyrir og þess háttar, birgðir af kolum, svo og allar birgðir af afurðum, sem framleiddar eru með rekstri stöðvanna, þar á meðal kokes, tjöru, ammoníak o. s. frv., og lóð þá, sem stöðvarnar eru á, svo framarlega sem leyfishafi er eigandi lóðarinnar, svo og yfir höfuð alt, sem heyrir til rekstrinum og útvegað hefur verið til hans i því ástandi sem það er, þegar sala fer fram, og skal verðið, ef samkomulag næst eigi, ákveðið sem hjer segir:

Fyrir allt það er bærinn tekur við, að lóðarsvæðum undanteknum, greiðir hann, ef afhending fer fram eptir að 5, en áður en 10 ár eru liðin frá því að rekstur stöðvanna byrjaði, sem kaupverð fyrir það, er hann tekur við, sannvirði þess, að viðbættum 20% af sannvirðinu; eptir að 10, en áður en 15 ár eru liðin, greiðist sannvirðið, að viðbættum 15% af því; eptir að 15, en áður en 20 ár eru liðin, greiðist sannvirðið, að viðbættum 10% af því; eptir að 20 ár eru liðin, en áður en einkaleyfistíminn eptir samningi þessum er útrunninn, greiðist sannvirðið, að viðbættum 5% af því. Eptir að einkaleyfistíminn er útrunninn, greiðist einungis sannvirðið, án nokkurrar viðbótar.

Sannvirðið ákveðst með mati 5 manna nefndar og kys hvor málsaðili 2 menn i nefnd þessa, en þessir 4 nefndarmenn kjósa sjer sjálfir oddamann. Komi þeir sjer eigi saman um oddamanninn, skal hann útnefndur af landsyf-irjettinum i Reykjavík eða af þeim rjetti, sem þá kann að verða kominn i hans stað. Í nefndinni ræður afl atkvæða úrslitum.

Sannvirðið skal ákveða þannig, að út er reiknað hve mikið mundi kosta að byggja og útvega að nýju þegar afhending fer fram, stöðvar, sömu stærðar og gjörðar sem þær, er fyrir hendi eru, og alt sem þeim fylgir, og frá þeirri upphæð sje dregið verðmæti þeirrar rýrnunar, sem stöðvarnar með öllu því, sem þeim fylgir, kynni að hafa orðið fyrir vegna slits og fyrningar, i samanburði við nýtt.

Kaupverð lóðarsvæðanna skal vera það verð, sem 2 — tveir — dóm-

kvaddir menn meta þau þegar afhending fer fram, en heimilt er báðum málsaðilum að krefjast yfirmats.

Afhending skal fara fram í byrjun reikningsárs.

17. gr.

Kaupverðið skal greiða í peningum í síðasta lagi eptir 1 ár frá því að afhending hefir farið fram ásamt 4% ársvöxtum til borgunardags.

Kostnaðinn við söluna greiðir bærinn og leyfishafi að helmingi hvor.

18. gr.

Leyfishafi getur framselt öðrum rétt þann, er samningur þessi heimilar honum, en að sjálfsgöðu þannig að haldin séu ákvæði samningsins. Áður en rekstur stöðvanna byrjar, er þeim, sem einkaleyfi þetta er veitt, þó eigi heimilt, án samþykkis bæjarstjórnarinnar, að framselja rétt sinn öðrum en hlutafélagi slíku er ræðir um í 21. gr., en þeir geta tekið aðra menn með sér í félagsskap sinn.

E. Ýms ákvæði.

19. gr.

Ef bærinn notar eigi, þegar einkarjettartíminn er á enda, rjett þann, sem honum er veittur í 16. gr. til þess að taka að sjer stöðvarnar á sinn kostnað, skulu þau ákvæði samnings þessa, sem eru eigi bundin við einkarjettinn, halda gildi sínu þó einkarjetturinn hverfi.

20. gr.

Nú hættir leyfishafi, áður en einkarjettartíminn er á enda, að reka stöðvarnar eða aðra þeirra eða hlje verður á rekstri þeirra og ástæður til þessa eru einhverjar aðrar en styrjöld, stjórnarbylting, verkfall, vinnuteppa eða náttúruviðburðir, svo sem jarðskjálptar, stórflóð, sprengingar, eldsvoði eða því um líkt og skal þá bænum þegar í stað heimilt að taka fyrirvaralaust við stöðvarrekstri þeim, er um verður að ræða, og halda honum áfram á kostnað leyfishafa eða bús hans — þó þannig að leyfishafa eða búi hans skal heimilt að hafa eptirlit með rekstrinum.

21. gr.

Ef stofnað verður hlutafjelag, sem fær afsal fyrir einkaleyfinu, þá skal heimili fjelags þessa vera í Reykjavík og með auglýsingu, sem birta skal þrisvar í röð í blaði því í Reykjavík, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, skal um 4 vikna tíma — talið frá síðustu birtingu — veita öllum Íslendingum forgangsrjett til þess að skrifa sig fyrir alt að $\frac{1}{4}$ — einum fjórða — hluta hlutafjár fjelagsins.

Í slíku hlutfjelagi skulu umsækjendurnir um einkaleyfið vera hluthafar þang- að til rekstur gas- og rafmagnstöðvanna er byrjaður.

22. gr.

Stöðvarnar skulu taka til starfa í síðasta lagi 1. október 1909 og til þess að tryggja að svo verði skulu umsækjendurnir um einkaleyfið setja bæn- um 10,000 — tíu þúsund — króna tryggingu á þann hátt, er hann telur nægja og skal tryggingarfjeð afhent til geymslu í Landsbanka Íslands eða Íslands- banka í Reykjavík, en vextina tekur einkaleyfishafi.

Tryggingarfjenu skal skilað aptur undir eins og bæði gas- og rafmagns- stöðvarnar eru teknar til starfa. Ef stöðvarnar taka eigi til starfa í síðasta lagi 1. október 1909 missir leyfishafi einkarétt sinn eptir samningi þessum, og fellur þá einnig tryggingarfjeð til bæjarins, hvorttveggja þó því að eins að drátturinn sje eigi að kenna styrjöld, stjórnarbylting, verkfalli, vinnuteppu eða nátturuviðburð- um svo sem jarðskjálpta, stórfloði, sprengingum, eldsvoða eða öðru slíku, en undir þeim kringumstæðum skal byrja rekstur stöðvanna innan hæfilegs tíma.

23. gr.

Allur ágreiningur, sem rísa kann út af skilningi og framkvæmd á samningi þessum, skal lagður undir úrskurð gjörðardóms, sem skipa skal á sama hátt og nefnd þá, er ræðir um í 16. gr. að því er virðing á stöðvunum snertir. Gjörðardómurinn skal halda fundi sína í Reykjavík og hann ákveður sjálfur hvernig leggja skal á málsaðila kostnað þann, er störf hans hafa í för með sjer.

24. gr.

Samningur þessi er gjörður í tveimur samhljóða frumritum og auk þess staðfestir bæjarfógetinn í Reykjavík þýðing á honum á dönsku, og skal þýðing þessi hafa sama gildi sem frumrit væri.

25. gr.

Leyfishafi greiðir allan kostnað, er samningsgjörð þessi hefur í för með sjer.

A fjölmennum borgarafundi
hér í ba í gærkveldi, er bæjarsjórninni
hafði verið sérstaklega til boðis, var þessi
tillaga samþykkt:

„Fundurinn skorar á bæjarsjórnina
að kjósa nokkra sérfróta menn í
nefnd til að segja álit sitt um
raflýsingartilboð það, sem fyrir
bæjarsjórninni liggur, og ráða
málinu eigi til lykta, fyrir en
borgarar bæjarins hafa átt kost
á að kynna sér álit þessarar
nefndar.“

Með því að mikill meiri hluti fundar-
manna var genginn af fundi, þar er
komið var fram á nótt, er tillagan kom
fram og var borin undir atkvæði, urðu ekki
nema rúmur 30 kjósendur til að greita um
hana atkvæði, 29 með og 4 á móti.

Þetta leyfum við okkur að tilkynna
herra bæjarfógetanum sem formanni bæjarsjórn-
arinnar.

Reykjavík 6. júní 1907.

Einar Gírlifsson.
fundarsjóni

Sigurður Þórsen
fundarorðsifni.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

Bæjarfærslan

Breytingartillögur

við frumvarp til samnings

um stofnun og starfrækslu gas- og rafmagnsstöðvar í Reykjavík.

Frá Birni Kristjánssyni, Magn. Blöndahl og Kr. Ó. Þorgrímssyni.

Ja
Við 1. gr. Aftan við 1. gr. bætist: Lögheimili og varnarþing téðs félags skal vera í Reykjavík.

Við 2. gr. Fyrir orðið »ókeypis« í 1. línu komi: fyrir venjulegt lóðargjald.

Við 3. gr. 1. málslíð. Á eftir orðunum: »og leiðsluþráðum á þeim« komi ný málsgrein svohljóðandi: 1) Allir aðalleiðsluþræðir (Spiseledningar), svo og gaspípur, skulu leggjast neðan jarðar; þó getur bygginganefnd veitt undanþágu frá þessu, að því er rafmagnsleiðslu snertir, þar sem rafmagnsleiðsla á stólpum getur verið lýtalaus fyrir bæinn.

2) Fyrir síðustu málsgreinina í sama málslíð: »Áður en farið er að grafa niður . . . « til enda málsgreinarinnar, komi: Áður en farið er að grafa niður í nokkra götu eða svæði til þessa, skal byggingarnefndin ákveða, hvar stólpar, sem verða að vera úr járni, megi stánda og hvernig þeir skuli lita út, svo og hvar gas- og rafmagnsleiðslur skuli leggja neðanjarðar.

Samp
Við 5. gr. 1. 1. málslíður orðist svo: Kaupstaðurinn getur krafist þess, að gaspípur og rafmagnsleiðslur verði lagðar í götur bæjarins innan 1. október 1909 á öllu því svæði, sem auðkennt er með bláum strikum á uppdrætti þeim, sem festur er við samning þennan.

2. Við 2. málslíð. Málsgreinin: »Leyfishafi er þó ei skyldur . . . «
til enda falli burt.

3. 3. málslíður falli burt.

4. 9. málslíður falli burt.

Við 6. gr. 1. 1. málslíður orðist svo: Einkaleyfishafi er skyldur til að leggja gas- og rafmagnsleiðslur frá aðalleiðslum að hitunarfærum eða lömpum, ef sá óskar þess, sem rafmagnið eða gasið notar.

Nefnd 3 manna skal kosin til þess að taka út rafmagns- eða gasleiðslur frá aðalleiðslunni að hitunarfærum eða lömpum, þegar aðrir leggja

William Scharling

2

Þessar leiðslur en leyfishafi. Í nefnd þessa skipar leyfishafi 1 mann, og bæjarstjórnin og stjórnarráðið sinn manninn hvort, og séu þessir 2 menn óviðriðnir rafmagns- og gasstofnunina.

Leyfishafi og bæjarstjórn skal gefa þeim, sem leggja slíkar rafmagns- og gasleiðslur, reglur um, hvernig verk þetta skuli vera unnið, og ber leyfishafa að leggja þessar leiðslur eftir sömu reglum.

2. Við 3. málslíð sömu greinar: Fyrir: »Nú leysir löggiltur innlagningamaður« komi: Ef innlagningamaður leysir.

3. Fyrir orðin: »og getur nefndin þá« í sama málslíð, komi: og getur bæjarstjórnin þá.

4. Aftan við sama málslíð bætist: eftir tillögum nefndarinnar.

5. Síðasti málslíður sömu greinar orðist svo:

Ef ágreiningur verður um það, hvort aðfinslur leyfishafa séu réttmætar, sker bæjarstjórnin úr þeim ágreiningi eftir tillögum nefndarinnar.

Við 7. gr. 1. málslíð. Fyrir orðin: »hlutaðeigandi starfsmaður bæjarins« komi: bæjarstjórnin.

Við 9. gr. Nýr málslíður bætist við svohljóðandi:

Svo skuldbindur leyfishafi sig til að láta í té rafmagn og gas eftir þörfum á hvaða tíma sem er.

Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:

Og skuldbindur einkaleyfishafi sig til að ábyrgjast að mælunum sé haldið í góðu ásigkomulagi.

Við 14. gr. Orðin: »Verkfalla, vinnuteppu (Lockout)« falli burt.

Við 16. gr. 2. málslíður orðist svo:

Fyrir alt það, er bærinn tekur við, að lóðarsvæðum undanteknum, greiðir hann, sem kaupverð fyrir það, er hann tekur við, sannvirði þess á hverjum tíma sem er, án nokkurrar viðbótar.

Við 20. gr. Orðin: »Verkfall, vinnuteppa« falli burt.

Við 21. gr. Í staðinn fyrir orðin »Alt að $\frac{1}{4}$ — einum fjórða —« komi: Alt að $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu — o. s. frv.

Við 22. gr. Orðin: »verkfalli, vinnuteppu« falli burt.

Isafoldarprentsmiðja

Breytingartillögur

við frumvarp til samnings um stofnun og starfrækslu gas- og rafmagnsstöðva í Reykjavík.

1. við 2. gr.: orðið »ókeypis« í 1. línu falli burt.
2. við s. gr.: eftir 1. málsgrein komi þessi viðbót:
Fyrir notkunarrjettinn greiði leyfishafi í bæjarsjóð gjald, er samsvari hinu almenna lóðargjaldi.
3. við s. gr.: aftan við 2. málsgrein bætist: Sje hætt að nota lóðina til gas- eða rafmagnsframleiðslu, skal leiga fyrir hana þó vera 5% á ári af virðing- arverði hennar eftir dómkvaddra manna mati á þeim tíma þegar tjeð notkun lóðarinnar hættir.
4. við 2. gr.; aptan við greinina komi ný málsgrein svohljóðandi:
Kaupstaðurinn skal hafa lagt skólpræsi í Suðurgötu, allt suður að hinni umræddu lóð, áður en gasstöðin tekur til starfa, svo að stöð þessi geti komið frá sjer skólpi.
5. við 3. gr.: í stað »rafleiðslukaðla« komi »rafmagnsstrengi« alstaðar þar sem hið fyrgreinda orð kemur fyrir.
6. við sömu gr.: í fyrstu málsgrein komi á eftir orðunum »leiðsluþráðum á þeim« svo hljóðandi viðbót: alt eftir samráði við bæjarverkfræðinginn og undir eftirliti veganeftndar kaupstaðarins.
7. við sömu gr. síðustu málsgrein, á eftir orðunum »skal tilkynna það lög- reglustjóra« komi: »er bannar það einungis þegar brýn nauðsyn krefur«.
8. við 5. gr. 2. málsgrein: í stað »1300 metra fjarlægð frá rafmagnsstöðinni« komi: 1200 metra beinni fjarlægð frá rafmagnsstöðinni, en hún skal sett á Útsuðurvelli milli Tjarnarinnar og Laufásvegjar.
9. við sömu grein; í stað 1300 í 3. gr. komi 1200.
10. við sömu gr.; á eftir 4. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:
Leyfishafi er skyldur til að láta í tje svo mikið af gasi og rafmagni, að full- nægi neyzluþurfum við götur þær, sem hann er skyldur til að leggja gas- og rafmagnsleiðslur í samkvæmt ofangreindu. *Sinn*
11. við 6. gr. 3. málsg.; eftir »löggiltur innlagningarmaður« komi eða maður sem er í þjónustu leyfishafa.
12. við 6. gr.; aftan við 3. málsgrein komi þessi viðbót: »nema hann kjósi heldur að greiða sektir frá 10—200 kr. eftir ákvörðun nefndarinnar.
13. við sömu gr.; 4. málsgrein byrji þannig: Leyfishafa skal gjört viðvart áður byrjað er á nokkurri innlagningu, og er það á ábyrgð hlutaðeigandi inn- lagningamanns, að svo sje gjört. Leyfishafi hefur o. s. frv. óbreytt.
14. við 8. gr.; í staðinn fyrir »4 aura« komi: $4\frac{1}{4}$ eyri.

15. við 15. gr.; Orðin: »þó í fyrsta lagi 4 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs« *Samp*
falli burt, en í staðinn fyrir það komi: þá er ársreikningur er fullgjörður.
16. við 16. gr.; á eftir orðunum: »kaupverð lóðarsvæðanna« í 5. málsg. komi: *Samp*
(sbr. 1. málsgrein).
17. við 16. gr.; eptir 4. málsgrein komi svohljóðandi viðbót:
Taki kaupstaðurinn stöðvarnar að sjer áður en 10 ár eru liðin frá því er
rekstur stöðvanna byrjaði, má þó eigi ákveða sannvirðið lægra en verð það,
sem leyfishafi getur sannað að hann hafi gefið fyrir það, sem bærinn tekur
við, að frádregnum svo mörgum af hundraði af þessu verði fyrir hvert ár,
sem hjer segir:
G a s s t ö ð i n: Byggingar 2⁰/o, vjelar og áhöld 4⁰/o, leiðslunet og mælar 5⁰/o. *Samp*
R a f m a g n s s t ö ð i n: Gasmótorar 4¹/₂⁰/o, dynamóvjelar 4⁰/o, akkú.múla-
torbatteri 7⁰/o, skiptitöflur 2¹/₂⁰/o, leiðslunet 3⁰/o, mælar 7¹/₂⁰/o, byggingar 2⁰/o.
Þetta ákvæði nær þó aðeins til þeirra hluta, sem eigi hafa orðið fyrir
öðrum skemmdum en þeim, er stafa af eðlilegu sliti og fyrningu.
18. við 18. gr.; aftan við greinina komi þessi viðbót: *Samp*
Ef selja á stöðvarnar, hefur kaupstaðurinn forkaupsrjett að þeim, svo og að
öllu sem þeim fylgir.
19. við 22. gr.; fyrri hluti greinarinnar orðist þannig:
Stöðvarnar skulu taka til starfa í síðasta lagi 1. október 1909. Leyfishafi
er þó eigi skyldur til að leggja gaspípur í götur bæjarins fyr en um leið og
vatnspípur bæjarins verða grafnar niður í þær. Að svo miklu leyti sem leyf-
ishafi leggur gaspípur sínar í sömu skurði og vatnspípur eða skolppípur verða *Samp*
lagðar í, skal hann kosta gróft, sprengingar og ofanímokstur að hálfu við
kaupstaðinn, nema kaupstaðurinn leggi bæði vatns- og skolppípur samtímis
í skurð, því þá skal leyfishafi aðeins greiða $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðarins.
Til tryggingar því að stöðvarnar taki til starfa innan hins tiltekna tíma
skulu umsækjendurnir um einkaleyfið setja bænum 10,000 — o. s. frv. óbreytt. *Samp*
20. Á eptir 22. gr. komi ný grein svohljóðandi, er verði 23. grein:
Leyfishafi getur gefið út reglugjörð um notkun gass og rafmagns svo og
um innlagningar, en til þess að slík reglugjörð öðlist gildi, útheimtist sam- *Samp*
þykki bjarstjórnar.
Greinatalan breytist eptir því.

TAFLA

yfir stærð, tilkostnað og tekjur rafmagnsstöðva í nokkrum brezkum bæjum.

Nöfn borganna	Alloa	Baugor	Barnstaple	Bexhill	Bray	Broughly Ferry	Berry St. Edmunds	Button	Colwyn Bay	Dartford	Epsom	Foreham	Grays	Horsham	Hoyle-Lake	Kendal	Long Eaton	Mexborough	Monmouth	Morecambe	Rothmines	Redditch	Rhyl	Sutton Coldfield	Tonbridge	Whitby
Íbúatala.....	11.400	11.800	14.100	13.800	8.000	10.500	16.700	11.000	10.600	18.600	14.000	8.200	15.090	11.000	12.500	14.200	15.000	11.000	5.400	12.900	20.000	14.000	8.500	18.000	13.000	11.800
Hvenær byrjað.....	Jan. 1902	Okt. 1900	Jan. 1903	Apr. 1900	Jan. 1892	Sept. 1902	Sept. 1900	Mai 1900	Jan. 1901	Des. 1901	Feb. 1902	Sept. 1890	Okt. 1901	Feb. 1902	Mai 1901	Ág. 1902	Jan. 1903	Júni 1902	Mai 1899	Júli 1898	Okt. 1900	Júli 1899	Júli 1901	Des. 1901	Nóv. 1902	Feb. 1902
Spennigur	220—450	200—400	230—460	220—440	100	230—460	200—400	230—460	220—440	230—460	230—460	100	230—460	230—460	230	220—440	220	220—240	100—200	220	220—440	200	230—460	230—460	220—440	230—460
Höfuðstóll	£ 9.613	£ 23.771	£ 28.062	£ 52.179	£ 13.600	£ 14.703	£ 28.007	£ 42.287	£ 21.032	£ 37.195	£ 32.328	12.287	£ 19.986	£ 23.862	£ 46.528	£ 13.545	£ 19.887	£ 18.572	£ 17.593	£ 62.554	£ 88.712	£ 34.368	£ 25.514	£ 37.443	£ 21.866	£ 33.015
Tala notenda	295	219	496	94	210	245	226	349	147	201	201	627	201	201	627	295	110	321	743	383	361	117	223	361	117	223
— 8 kerta ljósa.....	8.773	7.982	24.489	9.801	10.328	20.955	15.208	12.976	8.592	9.415	8.130	28.144	4.787	16.194	9.356	5.122	16.480	22.319	23.345	16.255	5.982	9.124	16.255	5.982	9.124	16.255
Selt (í kilóvatt-tímum)																										
til ljóss og krafts....	35.841	110.273	68.863	254.577	75.283	49.634	154.744	200.121	117.188	142.938	56.628	45.213	93.312	65.252	197.948	37.283	233.705	184.561	41.279	65.336	246.509	308.721	124.349	155.602	60.476	58.932
Til götulýsinga.....	20.488		76.151	156.682	61.000	14.547	120.263	26.068	25.506	93.903	93.000	34.654	71.887	49.713	55.491		101.931	90.385	52.405	65.336	301.221	160.034	55.014	98.435	47.525	66.847
Tekjur alls.....	£ 1.062	£ 2.535	£ 3.009	£ 6.755	£ 2.085	£ 1.310	£ 3.210	£ 4.022	£ 2.777	£ 3.244	£ 2.803	£ 1.973	£ 2.830	£ 2.333	£ 5.078	£ 906	£ 3.384	£ 2.890	£ 1.228	£ 4.183	£ 8.161	£ 4.444	£ 2.883	£ 3.422	£ 1.814	£ 1.881
Framleiðslukostnaður..	£ 1.059	£ 1.678	£ 1.744	£ 4.187	£ 1.814	£ 823	£ 1.935	£ 2.537	£ 1.512	£ 2.646	£ 1.732	£ 999	£ 1.458	£ 1.314	£ 2.342	£ 726	£ 2.145	£ 1.186	£ 781	£ 2.102	£ 3.787	£ 3.663	£ 2.041	£ 2.015	£ 1.211	£ 1.574
Nettó-tekjur.....	£ 3	£ 857	£ 1.255	£ 2.569	£ 271	£ 487	£ 1.275	£ 1.435	£ 1.265	£ 598	£ 1.071	£ 974	£ 1.372	£ 1.019	£ 2.736	£ 180	£ 1.239	£ 1.704	£ 507	£ 2.081	£ 4.374	£ 781	£ 842	£ 1.414	£ 603	£ 307
Renta og aukakostnaður	£ 326	£ 762	£ 725	£ 1.494	£ 355	£ 474	£ 1.106	£ 1.120	£ 658	£ 1.007	£ 977	£ 253	£ 658	£ 779	£ 1.601	£ 669	£ 1.425	£ 1.261	£ 555	£ 1.600	£ 2.693	£ 657	£ 507	£ 1.137	£ 719	£ 1.018
Afborganir.....	£ 250	£ 660	£ 565	£ 1.376	£ 228	£ 408	£ 775	£ 1.438	£ 547	£ 862	£ 1.033	£ 531	£ 506	£ 566	£ 1.301	£ 339	£	£ 670	£ 258	£ 2.069	£ 1.927	£ 748	£ 387	£ 867	£ 561	£ 684
Ágóði (+) eða tap (-)	£ ÷ 573	£ ÷ 565	£ ÷ 25	£ ÷ 301	£ ÷ 312	£ ÷ 395	£ ÷ 606	£ ÷ 1.073	£ ÷ 60	£ ÷ 1.271	£ ÷ 939	£ ÷ 190	£ ÷ 208	£ ÷ 326	£ ÷ 166	£ ÷ 821	£ ÷ 186	£ ÷ 227	£ ÷ 306	£ ÷ 1.588	£ ÷ 246	£ ÷ 624	£ ÷ 52	£ ÷ 590	£ ÷ 677	£ ÷ 1.395
Verð á hektóvatt-tíma til ljósaí aukum.....	4.2	3.75	3.75		3.5	4.5	4.5		3.75	3.75	4.2	5.25	3.75	4.5		4.5	3.0	3.4	4.5	5.4	3.4		3.4		4.5	3.75

Nefndarálit

frá

raflýsingarnefnd bæjarstjórnar Reykjavíkur.

NEFND þeirri, er bæjarstjórnin hefur kosið til að ihuga alt það, er lýtur að stofnun rafmagnstöðvar fyrir bæinn, hafa borist eftirfarandi skjöl og skilríki.

1. Skjal dags. í Kaupmannahöfn 1. febrúar 1906 og í Reykjavík 28. s. m. þar sem A. T. Möller & Co., D. B. Adler & Co., Tvermoes & Abrahamson, William Rung, Docent ved den polytekniske Lærestalt, A. T. Möller & Rasmussen, Forretningen »Godthaab« í Reykjavík og Eggert Claessen cand. jur. í Reykjavík — sækja um einkarétt til að láta Reykjavíkurbæ og öllu lögsagnarumdæmi hans í té rafmagnsstraum til lýsingar, vélhreyfinga og annars.

Þeir búast við að rannsaka fyrst, hvort tiltök séu, að nota fossa-afl til framleiðslu rafmagnsins, og með því að alllangan tíma þurfi til rannsóknanna, undirbúnings og útreikninga sækja þeir um, að hafa 2 ár til þeirra hluta, þannig að þeir hafi fyrirgert einkarétti sínum, ef ekki er byrjað á fyrirtækinu áður en 2 ár eru liðin frá því að einkarétturinn var veittur.

Reynist ekki tiltækilegt einhverra orsaka vegna að nota fossa-afl áskilja þeir sér rétt til að framleiða rafmagn með gufu, gasi eða hverjum öðrum krafti, sem þeir sjálfir kjósa.

Þeir sækja um að einkarétturinn sé 90 ár.

Þeir óska eftir svári hið allra fyrsta.

Lýsing og útskýring á gas- og rafmagns-stöðvum í Reykjavík eftir William Rung, dags. í Khöfn í maí 1906, (meðtekin af formanni nefndarinnar 25. september). Þar er gert ráð fyrir, að gas sé haft aðallega til suðu en rafmagn með til lýsingar.

Eftir reynslu annara bæja á stærð við Reykjavík gerir hann ráð fyrir, að til götulýsinga muni þurfa ljósmagn, er samsvarar 600 glóðarlömpum með ljósmagni 16 kertaljósa, og til lýsingar í húsum 3000 glóðalampa með sama styrkleik.

Við þetta er allur útreikningur byggður og stærð stöðvarinnar miðuð.

Eigi sé hægt nú sem stendur að gera neina áætlun um, hve mikið rafmagn muni verða notað til að hreyfa vélar, en til ljósmagnsins er áætlað svo riflega, að ætla má, að þar muni fást nægur afgangur til vélanna.

Rafmagn með eiga 3 gasmótorar að framleiða, hver með 75 hesta krafti. Gasstöðin leggur gas til handa þeim og kælingarvatn á þá sýgur dæla upp úr sjónum.

Hugsunin er að bæði gasstöðin og rafmagnsstöðin standi niður við sjó milli »Batterisins« og Sölvhóls.

Rafmagn með að leiða með koparsímum á tréstólpum reistum á götunum.

Stærð gasstöðvarinnar og verkfæri hennar eru miðuð við það, að hún geti framleitt 60 þús. teningsfet af gasi á sólarhring.

